

Kvenfrelsun og stríð – pistill 15.01-2017

Athygliverðar umræður og sjaldgæfar á Snjaldurskinnu. Það er þó snúið að ræða jafn umfangsmikil mál í þaula hér. En af umræðunni stafar andblæ, skilningi og verklagi kvenfrelsara Vesturlanda, sem m.a. beita sér á vegnum UN women og svipaðra samtaka í menningarheimi, sem er frábrugðinn þeirra eigin. Hugmyndin um að konur alls staðar í veröldinni búi við eðlislæga karlillsku, í feðraveldi, er grunnhyggjin. Hlutaðeigandi kvenfrelsarar virðast aldrei hafa skilið þetta mannfræðilega flokkunarhugtak eins og skrifin hér að ofan bera með sér. Það er víðáttumunur á stöðu og sambandi karla og kvenna í samfélögum, sem flokkast til feðraveldis, og reyndar til mæðraveldis einnig. Það er beinlínis röng leið, vilji menn aðstoða Palestínnumenn, að nálgast vandann eins og að ofan er lýst, og stunduð er af ofangreindum samtökum. Hugmyndafræði þeirra er í hnotskurn; kona er fórnarlamb vondra karla, vestræn skilningur á samskiptum kynjanna er sá rétti, lýðræðissamfélag að vestrænni (amerískri) fyrirmynd er kjörsamfélag. Það er átakanlega barnslegur skilningur á því flókna samhengi, sem menning er, sem samskipti kynjanna er. Svipaðri aðferð til að kenna öðrum þjóðum vestræna lífshætti var beitt á sínum tíma af trúboðum og krossförum (er reyndar enn þá beitt í ákveðnum skilningi). Flestir vita væntanlega til hvers það leiddi. Þegar þetta er skrifað koma í hug mér tvær minningar: „Palestínska móðirin steytti hnefanna: „Ég vildi, að ég gæti fætt fleiri sonu til að berjast fyrir málstaðnum.“ Hún hafði þá misst sex. Ibraim var pyntaður; hengdur upp á höndunum, sem bundnar voru aftur fyrir baki, iljar hans barðar í mauk og rafmagn hleypt á kynfæri hans. Þegar konu hans og börnum var hótað lífláti lét hann undan. (Þessi minning er sótt í meðferðarstarf með fórnarlömb pyntinga.) Þegar stríð geysa skapast venjulega ringulreið, örvænting og upplausn (anomali). Hátterni fólks (af báðum kynjum) og samskipti eru því engan veginn dæmigerð, sérstaklega með tilliti til ofbeldis. Palestínnumönnum er enginn greiði gerður með því að draga óhamingjusamar konur þjóðar þeirra í dilka (og karla jafnvel í annan) og halda að þeim vestrænum kvenfrelsunarkenningum. Það þarf að nálgast lausnir/breytingar á menningarlegum grundvelli, þ.e. stuðla þarf að breytingum innan frá, brenni menn í skinninu eftir að boða eigin sannfæringar um góða samskiptahætti. Mikilvægt skilyrði til þess er friður. Það er svo sannarlega göfugt að vilja hjálpa náunga sínum. En það má gera öðruvísi og ókynbundið.

Þakka Auður og Magnea fyrir skoðanaskiptin. Það er hárrétt hjá þér, Auður, að ég hef hugsað margt um efnið, ritað og rætt, bæði hér og þar í áratugi. Þakka klappið á bakið. Það er í sjálfu sér engin röksemd, hvorki siðferðileg né félagssálfræðileg, að einhverjir segi eitthvað annað en ég. Hér verður að tefla með röksemdum. Kvenfrelsunarhreyfing hlýtur að starfa samkvæmt hugmyndafræði sinni. Það er gott mál, hafi í einhverjum herbúðum kvenfrelsarana losnað um sannfæringuna um eðlislæga karlillsku. (Þessi kenning hefur reyndar verið þurrkuð út af heimssíðu íslenska kvennaathvarfsins. En það starfar enn á sama hátt.) Svar þitt, Magnea, lýsir óskhyggju, rétt eins og Þorbjörn Egner lýsir í leikriti sínu; Dýrin í Hálsaskógi. Vesturlensk kona er einungis að litlu leyti sams konar og kona af Yanamanö ættflokknum á Amazonsvæðinu. Skilningur réttlætis er afar misjafn - einnig hjá konum. Völd og áhrif eru það einnig - og til í ýmsum tilbrigðum. Það eru ekki einungis karlar, sem setja fram og hafna uppþrengjandi afskiptum kvennasamtaka vesturlanda í Mið-austurlöndum og víðar. Það gera

konur ekki síður. Menningarleg heimsvaldastefna Vesturlandabúa er óþolandi. Sé kvenfrelsurum Vesturlanda eiginlega umhugað um breytingar á Múhameðstrúarsamfélögum Mið-austurlanda gætu þær t.d. beitt sér af hörku í alþjóðlegum stjórnámálum, hætt trúboðsofbeldinu og farið að dæmi kynsystra sinna forðum og gripið til vopna.í baráttunni fyrir betri heimi. Þar erum við greinilega samherjar. í baráttunni fyrir betri heimi. Þar erum við greinilega samherjar.